

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Álftaneshrepps í Borgarbyggð.

1. gr.

Vatnsgjald Vatnsveitu Álftaneshrepps er 0,3% af fasteignamati þeirra húsa sem tengd eru vatnsveitunni en þó að hámarki kr. 27.500 á hverja jörð eða sumarhús.

2. gr.

Til viðbótar vatnsgjaldi sem fram kemur í 1. gr. skal notandi greiða aukavatnsgjald sem nemur 26,70 kr./m³. Vatnsnotkun skal áætluð í samræmi við búfjárskýrslu og skal miða við eftirfarandi töflu:

Kind	5	l/dag
Geldneyti	26	l/dag
Kálfar	13	l/dag
Kýr	65	l/dag
Hross	17,5	l/dag
Svín	10	l/dag
Grisir	5	l/dag

Þegar mælir hefur verið settur upp hjá notendum skal aukavatnsgjaldið innheimt samkvæmt notkun.

3. gr.

Vatnsgjald skv. 1. gr. skal innheimt með fasteignagjöldum en aukavatnsgjald skal innheimta sérstaklega og er gjalddagi þess 1. maí og eindagi mánuði síðar.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

Með samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1293/2012.

5. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá birtingu hennar í Stjórnartíðindum.
Samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar 12. desember 2013.

Borgarnesi, 13. desember 2013.

Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri